

Stofnanasamningur milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

1. Inngangur

Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur röðunar starfa hjúkrunarfræðinga á stofnuninni. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi milli Fíh og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og úrskurði gerðardóms samkvæmt miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 21. júní 2021.

2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra hjúkrunarfræðinga sem starfa á HVE og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

3. Markmið

- Að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum heilbrigðisstofnana á landbyggðinni.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga til áhrifa á framgang í starfi.
- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum.

4. Starfaflokkun og grunnröðun í launaflokka

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum hjúkrunarfræðinga, auk þeirrar færni sem þarf til að inna starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklýsingar og að öðru leyti mat á störfunum er byggir á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa. Lýsingar og skilgreiningar á starfsheitum má finna í fylgiskjali 1 með samningi þessum.

Starfsheiti	lfl.
Hjúkrunarfræðingur 1	7-1
Hjúkrunarfræðingur 2	8-1
Hjúkrunarfræðingur 3	9-1
Hjúkrunarfræðingur 4	10-1
Verkefnastjóri/teymisstjóri	11-0
Aðstoðardeildarstjóri	12-0
Deildarstjóri 1	12-0
Deildarstjóri 2	13-0
Deildarstjóri 3	14-0
Deildarstjóri 4	15-0
Yfirhjúkrunarfræðingur	13-0
Sérfræðingur í hjúkrun	14-2

Við ákvörðun launasetningar hjúkrunarfræðings skal miðað við hæfni, ábyrgð og skyldu í starfi.

Miða skal við að hjúkrunarfræðingur hafi öðlast þá hæfni sem starfslýsing og skilgreining gerir ráð fyrir í fylgiskjal 1 og skal það liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2021.

Við starfsþróun hjúkrunarfræðinga skal fylgja gildandi reglum. Laus staða er forsenda fyrir breytingu á starfi/starfsheiti.

5. Mat á persónubundnum þáttum

Hjúkrunarfræðingur getur fengið þátttöku í gæða- og umbótastarfi, viðbótarnám, hæfni og reynslu metna samkvæmt eftirfarandi ákvæðum.

Hjúkrunarfræðingur sækir um hækkun í launaflokkum eða álagsþrepum til mannauðsstjóra. Ákvörðun um hækkun vegna viðbótarnáms og símenntunar byggir á innsendum gögnum. Ákvörðun um mat starfsreynslu byggir á gögnum. Hækkun vegna mats á hæfni í vinnubrögðum byggir á mati framkvæmdastjóra hjúkrunar og mannauðsstjóra. Hækkun tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að gögn hafa verið lögð fram.

5.1 Viðbótarmenntun (Hámark 4 þrep nema í doktorsnámi)

Nýr kafli um menntunarákvæði tekur gildi 01.08.2021.

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi fær menntun sína metna á eftirfarandi hátt:

Diplómapróf, 30 ECTS einingar sem nýtist í starfi	1 þrep
Diplómapróf, 60 ECTS einingar sem nýtist í starfi	2 þrep
Meistarapróf sem nýtist í starfi	4 þrep
Doktorsnám sem nýtist í starfi	2 flokkar og 2 þrep

Hækkanir vegna viðbótarmenntunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

Nánari skilgreiningu og mat á einstökum þáttum formlegrar menntunar má sjá í fylgiskjali 2.

5.2 Símenntun (hámark 1 þrep)

Námskeið og fagráðstefnur 200 klst. 25 klst. jafngilda 1 ECTS	1 þrep
--	--------

5.3 Starfsreynsla í hjúkrun eftir útskrift (hámark 4 þrep)

Eftir 5 ár í starfi	1 þrep
Eftir 10 ár í starfi	1 þrep
Eftir 15 ár í starfi	1 þrep
Eftir 20 ár í starfi	1 þrep

5.4 Umbun vegna vakta

Hjúkrunarfræðingar á legudeildum sem eru einir á vakt þar sem mönnunarmódel gera ráð fyrir fleirum og eru þ.a.l. undir auknu álagi og aukinni ábyrgð, fá greiddan 1 yfirvinnutíma fyrir hverja 8 tíma vakt og hlutfallslega fyrir lengri og skemmri vaktir.

Hjúkrunarfræðingar sem sinna krabbameinsskoðunum á heilsugæslustöðvum skulu fá greiddan 1 yfirvinnutíma fyrir hvern 8 tíma vinnudag sem skoðanir standa yfir og hlutfallslega fyrir skemmri tíma þar sem ekki er bætt við viðbótar starfsmönnum.

Fyrir bakvakt á skiptistofu skal greiða 1 tíma í yfirvinnu fyrir hverja vakt frá föstudags- til mánudagsmorguns og alla rauða almannadaga. Frá mánudagskvöldi til föstudagsmorguns skal greiða 1 tíma fyrir hverja unna vakt, sé hjúkrunarfræðingur kallaður til aðstoðar á skiptistofu.

5.5 Önnur atriði

Hjúkrunarfræðingur sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofan á grunntöflu launaflokks sem er umfram 8. þrep færist í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

6. Sérstök, tímabundin verkefni

Auk almennra starfa eru skilgreind sérverkefni sem byggja á því að hjúkrunarfræðingur geti fengið 1 þrep eða 1 launaflokk til viðbótar við grunnröðun launa sinna fyrir umsjón með sérstaklega skilgreindum verkefnum eða ábyrgð, sem fellur utan hefðbundinna starfa.

Skilyrði er að starfið sé skilgreint í starfslýsingu og/eða erindisbréfi og staðfest af viðkomandi yfirmanns. Slík störf skulu hafa upphafs og lokatíma þó ekki lengri tíma en 12 mánuði í senn.

7. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

8. Launaröðun

Öllum hjúkrunarfræðingum skal endurraðað samkvæmt stofnanasamningi þessum og gildir launaröðun frá og með gildistöku samningsins. Allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur milli samningsaðila falla úr gildi.

9. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn þessi tekur gildi 1. janúar 2021 og verður endurskoðaður að tveimur árum liðnum.

Reykjavík 11. júní 2021

Rafræn undirskrift

f.h. Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Bókun 1

Sameiginlegur stofnanasamningur

Undanfarna mánuði hafa heilbrigðisstofnanir Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands, Austurlands, Suðurlands og Suðurnesja unnið að því markmiði að sameina stofnanasamninga sína með eftirfarandi markmið í huga:

Markmið með sameiginlegum stofnanasamningum

1. Sameina mismunandi stofnanasamninga heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.
2. Starfsheiti og launasetning samkvæmt sameiginlegum stofnanasamningi taki mið af færni, hæfni og ábyrgð starfa hjúkrunarfræðinga.
3. Launasetning fyrir starf og persónubundna þætti verði aðskilin.
4. Metnar verði tvær mismunandi leiðir:
 - a. Eitt starfsheiti hjúkrunarfræðings og starfsaldur ræður launahækkunum.
 - b. Mismunandi launasetning fjögurra starfsheita og persónubundnir þættir verði námskeið og starfsaldur í fjórum þrepum.
5. Fjármagn sem gerðardómur úrskurðaði til hvernar stofnunar skili sér í endurskoðuðum sameiginlegum stofnanasamningi.
6. Í kjölfar undirritunar stofnanasamnings þessa skal yfirfara forsendur launaröðunar allra hjúkrunarfræðinga á starfstöðvum/deildum heilbrigðisstofnunar. Við endurskoðun launaröðunar út frá stofnanasamningum verður öllum endurraðað í samræmi við forsendur hans. Endurröðun getur leitt til mismunandi hækkana og í einhverjum tilfellum til sambærilegra kjara og viðkomandi þegar hefur. Stefnt skal að þessari vinnu verði lokið fyrir 1. júlí 2021.
7. Launasetning stjórnenda verði sameiginleg og stefnt verði að launasetningartöflu sem er lík milli stofnana.

Bókun 2

Heilbrigðisstofnanir og Fíh eru sammála um að við næstu endurskoðun þessa samnings verði hugað að endurskoðun á kaflanum um viðbótarmenntun.

Fylgiskjal 1

Starfslýsingar

Starfaflokkun og grunnröðun í launaflokka

Starfslýsingar verða tilbúnar fyrir 1. júlí 2021 og munu tengjast stofnanasamningi um leið og þær liggja endanlega fyrir.

Fylgiskjal 2

Vinnureglur varðandi mat á sí- og endurmenntun

Kafli 5.1 og 5.2

Þegar hjúkrunarfræðingar þarf að skila inn gögnum vegna viðbótarnáms eða annarrar viðbótarmenntunar til yfirmanns skal senda eftirfarandi:

Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.

Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.

Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.

Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.

Endurmat á nýrri launasetningu tekur gildi næstu mánaðamót eftir að námsgögnum hefur verið skilað inn og móttækin af yfirmanni.

Fylgiskjal 1

Starfslýsingar hjúkrunarfræðings 1-4 byggja hver á annarri í réttri tölusettri röð Byggt á ítarlegri starfslýsingum

Hjúkrunarfræðingur 1

- Er byrjandi í starfi.
- Hefur lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði eða sambærilegu prófi frá viðurkenndri menntastofnun og hefur starfsleyfi frá Embætti Landlæknis.
- Starfar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.
- Ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar á viðkomandi heilbrigðisstofnun.
- Starfar skv. siðareglum hjúkrunarfræðinga.
- Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar, forgangsraðar verkefnum og tekur þátt í þróun starfs.
- Viðheldur faglegri þekkingu og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun hjúkrun.
- Notar þekkingu til að greina helstu þarfir skjólstæðinga, hugsanleg og orðin vandamál, fyrirbyggja og/eða vinna að úrlausn, skipuleggur hjúkrun og metur árangur hennar.
- Sinnir störfum sínum samkvæmt skipulagi deildar/ einingar.
- Skráir samkvæmt hjúkrunarferli og/eða söguskráningu.
- Tekur þátt í þverfaglegu starfi á deild eða þvert á stofnun.
- Hefur kennslu-, fræðslu-, leiðbeininga- og upplýsingaskyldu gagnvart skjólstæðingum, aðstandendum, nemum og samstarfsfólki.
- Virðir samskiptareglur stofnunar.
- Sinnir endur- og símenntun í samræmi við áætlun stofnunar.
- Leitir eftir og þiggur leiðsögn frá reyndari hjúkrunarfræðingi.
- Er í formlegu samstarfi við aðra fagaðila.
- Skipuleggur störf annarra starfsmanna.

Hjúkrunarfræðingur 2

- Komin vel á veg í starfi.
- Starfsreynsla 2-5 ár.
- Fær um að taka að sér verkefnastjórn og leiða teymisvinnu.
- Sértæk reynsla sem nýtist við störf og stuðlar að árangursríkum samskiptum.
- Í starfinu getur falist að skipuleggja störf annarra starfsmanna.
- Er tengiliður við aðrar deildir og stofnanir.
- Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemum m.a. með fyrirlestrum eða námskeiðum fyrir samstarfsfólki.
- Framfylgir gæða- og öryggisstefnu stofnunar.

Hjúkrunarfræðingur 3

- Er fær í starfi.
- Starfsreynsla meiri en 5 ár.
- Fær um að meta og koma með ábendingar um fræðsluþarfir sjúklinga, aðstandenda og samstarfsfólks.
- Kemur að gerð fræðsluefnis í samræmi við fræðsluáætlun stofnunarinnar.
- Hefur frumkvæði að framkvæmd gæðaverkefna og skipuleggur hjúkrunarþjónustu.
- Sér um og skipuleggur aðlögun og kennslu nýráðinna starfsmanna.
- Er ráðgefandi varðandi hjúkrunarmeðferð.
- Hefur sérstaka ábyrgð á tilteknum verkefnum s.s þróunar- og gæðaverkefnum.
- Fær um að greina og mæla með klínískum viðfangsefnum sem eru verðug rannsóknarverkefni.

Hjúkrunarfræðingur 4

- Tekur að sér sérverkefni á deild eða stofnun sem stuðlar að faglegri framþróun stofnunarinnar og ber ábyrgð á þeim.
- Hefur sérþekkingu á klínísku sviði hjúkrunar, hefur frumkvæði og tekur virkan þátt í faglegu samstarfi og veitir ráðgjöf varðandi hjúkrunarmeðferð.
- Hefur umsjón með gæðastöðlum og reglum sem nauðsynlegar eru fyrir gæði þjónustunnar.
- Hefur frumkvæði að verkefnum sem eru nauðsynleg í klínískri vinnu og framþróun.
- Hefur frumkvæði að rannsóknum í hjúkrun.